

AUGLÝSING um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlanir:

Þórisholt – Deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær yfir 3,4 ha svæði og gerir ráð fyrir endurgerð núverandi útihúsa, viðbyggingu á öðrum húsum og nýbyggingum sem tengjast fyrst og fremst ferðaþjónustu.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. febrúar 2022.

Mennta- og heilsusvæði í Vik - Deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær yfir 2,2 ha og afmarkast af Mánabraut og Ránarbraut, en vestan við svæðið er íþróttavöllur og sunnan við það er óbyggt svæði. Innan reitsins er skólalóð, leikskólalóð, íþróttahús, sundlaug og útisvæði tengd skólastarfi.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. nóvember 2021.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Vik í Mýrdal, 27. júní 2022.

George Frumuselu, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. júlí 2022